

**581. fundur Sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps haldinn Strandgötu 38,  
fimmtudaginn 25. nóvember 2021  
og hófst hann kl. 18:00.**

**Fundinn sátu:**

Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG), Guðni Ólafsson (GÓ), Ingibjörg Ósk Þórhallsdóttir (IÓP), Björgvin Smári Haraldsson (BSH), Lilja Magnúsdóttir (LM) og Ólafur Þór Ólafsson (ÓPÓ).

**Fundargerð ritaði:** Ólafur Þór Ólafsson, Sveitarstjóri

**AUKAFUNDUR**

Fundurinn fór fram sem fjarfundur.

Oddviti býður fundarfólk velkomið og athugar hvort athugasemdir séu við fundarboðun, svo var ekki og oddviti lýsir fund 581 lögmætan.

**Dagskrá:**

**1. Valkostagreining - 2106168**

Lokaskýrsla frá RR-ráðgjöf vegna valkostagreiningar á sameiningarkostum Tálknafjarðarhrepps sem fór fram á haustdögum 2021 lögð fram.

*Sveitarstjórn þakkar starfsmönnum RR-ráðgjafar, starfsmönnum Tálknafjarðarhrepps og þeim fjölmörgu íbúum sem tóku þátt í íbúafundi fyrir samstarfið í vinnu við valkostagreininguna.*

*Vegna vinnu við valkostagreininguna var myndaður verkefnishópur sem vann að verkefninu í virku samráði við starfsfólk Tálknafjarðarhrepps og íbúa. Verkefnishópurinn lagði mat á mismunandi valkosti og ákvað að kynna fimm þeirra á íbúafundi. Afgerandi meirihluti þátttakenda á íbúafundi sagðist vilja að Tálknafjarðarhreppur hefji sameiningarviðræður.*

*Í nýlega samþykktum breytingum á sveitarstjórnarlögum er stefnt að því að lágmarksíbúafjöldi sveitarfélags verði ekki undir 1.000 íbúum eftir sveitarstjórnarkosningar 2026, eða 250 íbúum frá sveitarstjórnarkosningum 2022.*

*Í ljósi ábendinga sem fram komu á íbúafundi og samskipta kjörinna fulltrúa við fulltrúa annarra sveitarfélaga á Vestfjörðum telur sveitarstjórn eðlilegt að leita eftir afstöðu þeirra sveitarfélaga sem eru líkleg til að þurfa að taka tillit til nýrra ákvæða sveitarstjórnarlaga fyrir árið 2026, þ.e.*

*Árneshrepps  
Bolungarvíkurkaupstaðs  
Kaldrananeshrepps  
Reykholahrepps  
Strandabyggðar  
Súðavíkurhrepps  
Vesturbyggðar*

*Sameinist þessi sveitarfélög í eitt verður til rúmlega 3.300 íbúa sveitarfélag með nokkra*

*byggðakjarna, sem hefur betri forsendur til að berjast fyrir hagsmunum íbúa og takast á við krefjandi verkefni. Að mati sveitarstjórnar eru forsendur þess að landstórt sveitarfélag með fjölda byggðakjarna geti orðið sterk eining að settar verði á fót heimastjórnir á sambærilegum forsendum og í Múlaþingi.*

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra að senda ofangreindum sveitarfélögum erindi og óska eftir afstöðu sveitarstjórna til þess að hefja óformlegar viðræður sveitarfélaganna.*

*Ingibjörg Ósk Þórhallsdóttir gerir eftirfarandi bókun:*

*Þar sem Tálknafjarðarhreppur og Vesturbyggð eru nú þegar orðin að miklu leyti eitt atvinnusvæði og mikið samstarf orðið á milli sveitarfélagana tveggja á mörgum sviðum þykir mér fráleitt að leita út fyrir sunnanverða Vestfirði til sameiningar við önnur sveitarfélög sem langt í frá eru nærliggjandi.*

*Tálknafjarðarhreppur ætti að mínu mati að leita til Vesturbyggðar og þiggja fyrri boð þeirra til viðræðna sem allra fyrst.*

*Þrátt fyrir afstöðu mína virði ég skoðanir þeirra sem vilja leita á miðin og kanna fleiri sameiningarkosti. Bréf það sem um er rætt verður vonandi til þess að íbúar og sveitarstjórn fái skýrari mynd af stöðunni.*

## **2. Fjárhagsáætlun 2021 - 2007024**

Útkomuspá vegna reksturs Tálknafjarðarhrepps árið 2021 lögð fram.

*Lagt fram.*

## **3. Starfsemi Stígamóta - 2111272**

Erindi frá Stígamótum dags. 03.11.2021 vegna starfsemi ársins 2022.

*Lagt fram.*

## **4. Skýrsla um skjalavörslu og skjalastjórn sveitarstjórnarskrifstofa - 2111291**

Erindi frá Þjóðskjalasafni Íslands dags. 16.11.2021 varðandi skýrslu um skjalavörslu og skjalastjórn sveitarstjórnarskrifstofa sem eru afhendingarskyldar til Þjóðskjalasafns.

*Lagt fram.*

## **5. Fundargerðir 2021 Hafnasamband - 2101560**

Fundargerð 439. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands sem fór fram 12.11.2021.

*Lagt fram.*

*Sveitarstjórn Tálknafjarðahrepps tekur undir með stjórn Hafnasambands Íslands þar sem hún lýsir yfir áhyggjum af notkun og starfsemi sláturskipa í fiskeldi og þeirra neikvæðu áhrifa sem þau hafa á rekstrarumhverfi hafna. Þá er tekið undir hvatningu stjórnar hafnasambandsins til þess að starfsemi og notkun sláturskipa í fiskeldi verði sérstaklega tekin til skoðunar og sett verði skýr ákvæði í lög og reglugerðir um starfsemi og notkun sláturskipa hér við land. Samhliða þeirri vinnu verði horft til endurskoðunar á ákvæðum hafnalaga nr. 61/2003 vegna fiskeldis, sem hafnasambandið hefur hvatt til að verði endurskoðuð.*

Oddviti þakkar fundarmönnum góðan fund og slítur fundi.  
**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:10.**

---

Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG)

---

Guðni Ólafsson (GÓ)

---

Ingibjörg Ósk Þórhallsdóttir (IÓÞ)

---

Björgvin Smári Haraldsson (BSH)

---

Lilja Magnúsdóttir (LM)

---

Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ)